

**Nd.**

**39. Frumvarp**

til laga um breyting á tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 20. april 1872.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

Á eftir orðinu »hlutkesti« í 11. gr. í tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 20. april 1872, komi:

Hlutfallskosningu skal viðhafa við kosningu nefnda, ef að minsta kosti 4 bæjarfulltrúar krefjast þess.

**Greinargerð.**

Í bæjarstjórn Reykjavíkur eru skiftar skoðanir um það, hvort heimilt sje vegna ákvæða 11. gr. tilskip. 20. april 1872 að beita hlutfallskosningu við kosningar í nefndir. Er þetta frv. fram borið til þess að taka af allan vafa í þessu efni.